

Til aðildarfélaga BSRB, stjórnar BSRB
og stjórnar SLRB

Reykjavík, 4. júní 2018

Stjórn BSRB hefur samþykkt að 45. þing BSRB verði haldið dagana 17., 18., og 19. október nk. á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Hér með er boðað til þingsins.

Aðildarfélög BSRB eiga rétt samkvæmt 16. gr. laga bandalagsins til að senda tvo fulltrúa fyrir félagafjölda upp að 120 og þá einn fulltrúa fyrir hverja 120 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu. Kjósa skal jafnmarga til vara. Tala fulltrúa miðast við félagatölu þann 1. janúar 2018. Aðildarfélög skulu gæta að jöfnu kynjahlutfalli við tilnefningu þingfulltrúa eins og kostur er og skal vera 40% af öðru kyni miðað við þann fjölda sem félagið tilnefnir.

Þrír fulltrúar frá Sambandi lífeyrisþega ríkis og bæja (SLRB) eiga rétt til setu á þinginu með fullum réttindum. Stjórnarmenn bandalagsins eiga rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti en þeir hafa ekki atkvæðisrétt á þinginu nema þeir séu kjörnir fulltrúar sbr. 12. og 16. gr. laga BSRB.

Eyðublöð fyrir kjörbréf eru meðfylgjandi. Óskað er eftir að aðildarfélögin skili rafrænu eintaki undirrituðu af formanni og ritara aðildarfélags til Jóhönnu Þorgilsdóttur á skrifstofu BSRB á netfangið johanna@bsrb.is eigi síðar en 7. september nk.

Skýrsla stjórnar BSRB, sjálfstæðar tillögur eða mál sem formannaráð, stjórn eða aðildarfélög óska að leggja fyrir þing, svo og dagskrá verða aðgengileg á vef BSRB www.bsrb.is frá 26. september nk. Stefnt er að því að þingið verði að stærstum hluta rafrænt. Tillögur einstakra þingfulltrúa eða breytingartillögur við fyrrgreind mál skulu lagðar fram á þinginu og fjallað skal um þær í þeirri þingnefnd sem málið heyrir undir.

Upplýsingar um nánari tilhögun þinghalds, ferðir og gistingu verða sendar síðar.

Með kveðju


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri BSRB